

## Ráðherra, alþingismenn, ágætu aðalfundarfulltrúar og gestir!

Hér stend ég kæru félagar og flyt ykkur boðskapinn á þessum vettvangi í 30. skiptið. Það væri til að æra óstöðugan að þylja þá ræðu hér aftur sem flutt var 26. október 1986. Ég ákvað hins vegar að líta í nokkur fréttabréf frá þeim tíma. Efni þar og áherslur eru enn fyrir hendi – að Landssamband smábátæigenda berst fyrir auknum veiðirétti félagsmönnum sínum til handa. Þá eins og nú er tíðarfarið og fiskgengd á grunnslóð helsta áhyggjuefnið, ekki langt undan eru óútreiknanleg útspil stjórnvalda. Á þessum tímum voru fiskmarkaðir að feta sín fyrstu spor, en samhliða uppgangi þeirra eflidist smábátaútgerðin jafnt og þétt. Ekki var lengur hægt að greiða hluta af verðmæti aflans eftir minni og restina einhvern tímann seinna sem stundum kom aldrei eða segja við menn – við kaupum ekkert í dag.

Á þessum 30 árum hefur umhverfi smábátæigenda gjörbreyst til hins betra. Bátarnir eru hátæknivæddir og afburða sjóbátar, aflameðferð hefur færst úr sólbrenndum fiski niður undir 1°C, allt kælt og vel frá gengið. Áhafnir eru að fullu slysa-, líf- og örorkutryggðar, bátarnir húftryggðir. Veðurspár og aðgengi að þeim allan sólarhringinn eru nánast óbrigðular. Greiðsla fyrir aflann tryggð. Vaktstöð siglinga vakir yfir sjósókninni, fær send boð um hvort ekki sé allt í lagi. Öll öryggistæki um borð skoðuð árlega svo og öruggasta björgunartækið, báturinn sjálfur. Allir greiða í lífeyrissjóði og kjarasamningar fyrir áhöfn hafa verið gerðir. Búið að sætta þjóðina með greiðslu veiðigjalds. Síðast en ekki síst er veiðin víðast hvar góð á veiðislóðum smábáta um þessar mundir.

Á þessum þremur áratugum hef ég kynnst trillukarlinum afar vel. Sjónarmiðum hans til lífsins, fiskveiðistjórnunarkerfisins, álögum hins opinbera, kvótanum, lífinu eftir að kvótinn var seldur fyrir milljónir,

sjósköðum, baráttunni við að eignast nýjan bát, vangaveltum um hvort eigi að selja eða halda áfram, gleði manna yfir velgengni, svartnætti af afleiðingum hrunsins, bráttunni fyrir að standa á rétti sínum, svo eitthvað sé nefnt.

Með Landssambandi smábátæigenda og ykkur hef ég fengið að njóta alls þessa.

En verður aldrei lát á, eða eins og formaður ykkar segir í glettni á skrifstofunni – „við gerum þetta bara í dauða tímanum“. Svarið er einfaldlega nei. Það er eðli lifandi og öflugra félagasamtaka eins og félagið ykkar Landssamband smábátæigenda er að það sofnar aldrei á vaktinni. Tækifærin og glíman við þá sem vilja gleypa ykkur með húð og hári eru alltaf handan við hornið. Landssambandið hefur að mínu mati staðið í lappirnar hingað til fyrir þessum öflum. Auðvitað er oft hart sótt jafnvel svo hart að beita þarf fjöldanum sem vopni. En það veit ég að engir eru jafnsamstíga og sameinaðir trillukarlar í að verja rétt sinn.

Kannski segja nokkrar línur í tölvupósti frá aðila í stjórnslunni samtíða LS allt sem segja þarf um félagið ykkar Landssamband smábátæigenda.

*„Það er afdráttarlaus skoðun mín að LS hafi með starfi sínu valdið straumhvörfum, félagsmönnum sínum og íslenskum sjávarútvegi, til mikilla heilla.“*

### **Sameinaðir trillukarlar**

Það var sárt að sjá á eftir nokkrum smábátæigendum sem sögðu sig úr Landssambandinu á vormánuðum 2013. Hér var um tvö brot að ræða sem réðu og ráða yfir gríðarmiklum aflaheimildum. Annað þeirra gaf þá skýringu á brotthlaupi sínu að það væri óánægt með þá stefnu LS að leggja stein í götu þeirra sem vildu stækka krókaflamarksbátana. Nú er það hins vegar orðið að veruleika sem LS hefur lagað sig að.

Hjá hinu brotinu var óánægjan bundin við að LS héldi fast við línuívilnun. Sú stefna er óbreytt, en væri ekki betra að hoppa um borð hjá LS og styðja línuívilnun fyrir alla dagróðrabáta. Vélabátar í sér veiðikerfi.

Það er skoðun mín að ákvörðun þessara aðila hafi skaðað málstað smábátæigenda á Íslandi. Í viðræðum við stjórnvöld varðandi breytingar á lögum og reglugerðum, gefst þeim tækifæri til að spila á sundrungu. Hver kannast ekki við – þið segið þetta, þeir segja hitt. Úr því ekki er samstaða verðum við að taka af skarið og framkvæma á þennan hátt. Við eigum ekki að gefa slíkan höggstað á okkur.

Það er gríðarlega mikilvægt í þeim ólgusjó er nú brýtur á útgerðum einyrkja að þessi brot sigli til sinnar hafnar aftur. Landssamband smábátæigenda eru þeirra samtök og þar eiga þeir að vera – verið velkomnir félagar.

Starfsárið hjá LS sem fagnar 30 ára afmælisárinu og nær þrítugsaldrinum 5. desember nk hefur verið annasamt. Hér skal drepið á helstu málefnum sem komu við sögu.

### **Beðið eftir frumvarpi byggt á heildarendurskoðun laga um stjórn fiskveiða – byggt á niðurstöðum sáttanefndar – samningaleið.**

Á þessum vettvangi í fyrra bjuggust flestir við að sjávarútvegsráðherra mundi þá og þegar leggja fram frumvarp til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða. Það hafði hann boðað við upphaf þings í september 2013. Þegar ljóst var að ekkert yrði úr því, boðaði hann frumvarpið haustið 2014. Þegar það gekk ekki eftir var fastlega reiknað með frumvarpinu sl vor, enda hafði það verið staðfest í þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar. Upp úr miðjum febrúar tilkynnti ráðherra hins vegar að frumvarpið yrði ekki lagt fram, hvorki þá né á haustþingi. Ástæðan væri sú að ríkisstjórnin hefði ekki náð samkomulagi um hver eigi að fara með forræði yfir kvótanum.

Óvissa um hvað verður er því algjör um þessar mundir. Vinna sem hófst 2010, og nokkuð breið sátt var um að fara að samningsbundin réttindi um nýtingu aflaheimilda taki við af varanlegri úthlutun, oft nefnd samningaleiðin.

Það er mín skoðun að frumvarp eins og ráðherrann hafði boðað muni styrkja sjávarútveginn. Ég hvet hann því hér með til að endurskoða afstöðu sína og setja frumvarpsdrögin í opinbert umsagnarferli og stefna að afgreiðslu frumvarps í vor.

## Línuívilnun, strandveiðar, byggðakvóti

### Strandveiðar

Í lögum um stjórn fiskveiða er ákvæði um að draga 5,3% frá úthlutuðu aflamagni hvernar tegundar sem aflahlutdeild segir til um. Því skal svo varið til að mæta áföllum (skel og rækja) línuívilnunar, strandveiða og til stuðnings byggðalögum. Samkvæmt reglugerð yfirstandandi fiskveiðiárs koma 9.000 tonn til strandveiða á næsta ári sem er aukning um 400 tonn, línuívilnun er hækkuð í þorski úr 3.375 tonnum í 3.500 tonn og ýsan hækkaði um 125 tonn og er þá búið að skila 325 tonnum til baka af þeim þúsund sem skert var um í upphafi síðasta árs.

Í ítarlegri umsögn LS við þingsályktun um áætlun um meðferð og ráðstöfun aflamagns sem dregið er frá heildarafla frá 11. júní 2015 var farið fram á að 2.000 tonnum yrði bætt við til strandveiða. Með því væri komið til móts við kröfur hinna dreifðu byggða um aukna atvinnu, umsvifa, kröfur ferðapjónustunnar og almenna vellíðan yfir sumarið. Slík viðbót væri einnig kærkomin fyrir fiskvinnslu, sjómennsku, þjónustu og aukinna tekna viðkomandi byggðarlags, eins og sagði í umsögninni. Veiðiheimildir kæmu úr byggðakvóta – af útileguskipum, áframeldi og skel- og rækjuppbótum ef tillaga yrði gerð um að fella þær niður.

En andstaða atvinnuveganefndar einskorðaðist ekki við hugmyndir LS, hún var einnig að taka afstöðu gegn vilja eftirtaldra byggðarlaga sem öll höfðu lýst stuðningi við auknar strandveiðar:

- Vesturbyggð
- Ísafjarðarbær
- Bolungarvík
- Grundarfjörður
- Fjallabyggð
- Skagafjörður

- Stykkishólmur

**Línuívilnun** var einnig undir í þingsályktuninni. Þar er stefna LS skýr – gerð er krafa um línuívilnun fyrir alla dagróðrabáta. Sett verði á tvö kerfi annars vegar fyrir þá sem fá línuívilnun í dag og hins vegar fyrir hina (beitningarvélabáta). Afli í síðarnefnda kerfið væri eftirstöðvar afla sem ekki hefur nýst til línuívilnunar á tímabilinu 2003 - 2012:

- Þorskur 6.888 tonn
- Ýsa 1.915 tonn
- Steinbítur 1.943 tonn

Heimildunum yrði deilt niður á næstu 3 – 4 fiskveiðiár. Þó atvinnuveganefnd hafi ekki samþykkt þessa leið að þessu sinni verður áfram knúið dyra til að koma henni í framkvæmd.

**Byggðakvóti** – eins og í línuívilnun varpaði LS fram nýrri sýn á það málefni.

- Hann yrði eingöngu nýttur af dagróðrabátum.
- Heimildum verði úthlutað til sveitarfélaga.
- Úthlutað sem ívilnun við löndun báta sem eiga heimahöfn í byggðarlaginu.  
Dæmi þar sem ívilnun væri 20%: Einu tonni landað. 800 kg tekið af kvóta bátsins, 200 kg kæmu úr byggðaheimildum sveitarfélagsins.
- Sveitarfélögin hefðu sjálfvald um hversu há ívilnunin væri og hvenær hún væri nýtt.

Með framangreindri aðferð yrði allri tortryggni um úthlutun og reglur þar um eytt, þar sem veiðiheimildir fást aðeins þegar afla er landað. Það er skoðun mín að allur afli báta sem njóta byggðakvóta eigi að vera seldur í gegnum fiskmarkaði.

Við að skilyrða nýtingu byggðakvóta við dagróðrabáta vinnst fjölmargt. Þar má nefna aukin verðmæti, aukið framboð á ferskum fiski og samkeppni sem ekki er háð á jafnréttisgrundvelli leggst af. Þar er átt við að smáar einstaklingsútgerðir séu ekki gert að keppa við stærstu sjávarútvegsfyrirtæki landsins sem skila árlega milljarða hagnaði og hafa gnægð veiðiheimilda í öllum kvótasettum tegundum. Auk þess sem hér

hefur verið upptalið er að hið breytta fyrirkomulag smell passar við niðurstöður úr skýrslu Vífils Karlssonar „Mat á framkvæmd aflamarks Byggðastofnunar“ um góðan árangur af aflamarki Byggðastofnunar, en það er allt nýtt af dagróðrabátum.

Það að ekki var tekið meira tillit til ítarlegrar umsagnar LS við samþykkt þingsályktunarinnar er vandamál sem þarf að leysa. En dagar koma eftir þennan dag þ.s. nú þegar er hafin vinna að nýrri atlögu því samþykktin náði aðeins til eins árs.

### **Makrílveiðar smábáta**

Eftir að sjávarútvegsráðherra ákvað að stöðva makrílveiðar smábáta 4. september í fyrra upplifði ég mikla reiði, sem var ekki eingöngu bundin við félagsmenn í LS, hún náði einnig út fyrir okkar raðir. Ákvörðunin fannst mér ósanngjörn ekki síst vegna þess að ekki hafði tekist að veiða útgefinn heildarkvóta. Þegar árið var gert upp var enn syndandi í sjónum makrill sem hefði gefið 1,6 milljarða í útflutningsverðmæti – tæp 8 þúsund tonn.

En átökin um makrílinn áttu eftir að halda áfram og er langt í frá að vera lokið. Krafa LS er skýr eins og í strandveiðum, línuívilnun og byggðakvóta svo dæmi séu nefnd – stjórnvöld eiga að gefa það út að 16% af aflaheimildum í makrill verði nýtt af smábátum með færaveiðum. Umhverfisvænum veiðum á grunnslóð, miðin sem eru rétt utan hafna og stundum inni í þeim. Hér er upplagt tækifæri fyrir stjórnvöld að hoppa á vagninn með smábátæigendum og sýna í verki að þau meina eitthvað með því að þau vilji vingast við náttúruna, efla hinar dreifðu byggðir og koma í veg fyrir samþjöppun í sjávarútvegi. Myndarlegur smábátafloti er tilbúinn til veiða – á annað hundrað bátar bíða eftir græna ljósinu.

Ekkert liggur enn fyrir hvernig makrílveiðum verði stjórnað á næsta ári. Veiðunum í ár var stjórnað samkvæmt

### **„Reglugerð um stjórn makrílveiða íslenskra fiskiskipa árið 2015.“**

Tækifærin eru fyrir hendi og við eigum allir sem einn að berjast fyrir okkar rétti.

Ógleði fór um mig við að horfa upp á fálmkennd vinnubrögð íslenskra stjórnvalda í utanríkismálum þegar órói gerði vart við sig í Úkraínu. Í ágúst 2014 ritaði ég grein í Fiskifréttir sem bar heitið:

### **„Hagsmunir Íslands í húfi – lítil eyþjóð gerir sig gildandi“**

Þar sagði ég m.a. þetta í markaðskafla greinarinnar:

*„Ég álit að Íslendingar eigi að láta af þeim ávana sínum að hlaupa upp til handa og fóta og lýsa yfir afstöðu samtímis stórbjóðum við hin og þessi málefni. Við erum engin stórbjóð, við erum örþjóð sem á allt sitt undir því að geta selt það sem við öflum. Það er ekki sjálfgefið, markaðsstarf er erfitt og gríðarlega kostnaðarsamt. Samkeppnin er mikil og hið minnsta feilspor er vatn á myllu keppinautanna.*



*Við skulum átta okkur á því að það er fylgst með okkur. Allar yfirlýsingar í utanríkismálum verða að vera þaulhugsaðar frá öllum hliðum. Ég verð að segja það eins og er að það fór nettur óttahrollur um mig þegar það var kunngert að utanríkisráðherra væri á leið til höfuðborgar Úkraínu, ekki einu sinni heldur tvisvar. Ég hafði áhyggjur af mörkuðum okkar í Rússlandi. Mörkuðum sem greiða hæstu verðin og hafa verið vaxandi ár frá ári. Hafði utanríkisráðherra skipulagt för sína og yfirlýsingar í samráði við stærstu markaðsfyrirtæki í sölu sjávarafurða?“*

En svona fór nú um sjóferð þá – engin virtist hafa veitt því athygli að kné var látið fylgja kviði í yfirlýsingargleðinni sl. sumar þegar við hoppuðum eins og ekkert væri á hergagnavagn vesturveldanna að hann yrði ekki affermdur í Rússlandi – samþykktum viðskiptabann á þjóð sem við höfum átt viðskiptasamband við sl. 70 ár.

Rússland svaraði um hæl með því að setja viðskiptabann á íslenskar sjávarafurðir til Rússlands. Bannið olli uppnámi og stórkostlegum vanda eins og kom fram í nýlegu viðtali við Kolbein Árnason framkvæmdastjóra SFS.

Markaður fyrir makríl, loðnu, síld og karfa að útflutningsverðmæti 23,3 milljarðar á árinu 2014 er horfinn. Þegar aðeins er litið til uppsjávartegundanna þriggja eru verðmætin 20,4 milljarðar eða 36% heildarmarkaðarins.

Glærurnar segja allt sem segja þarf.



Þar sem fram hefur komið hjá stjórnvöldum, að ekki komi til greina að draga stuðning við viðskiptabann á Rússland til baka verður að gera ráð fyrir lokun markaðarins til langs tíma. Það er því mikilvægt að við spilum úr þessari stöðu sem upp er komin af mikilli skynsemi. Haga þarf veiðum samkvæmt markaðsaðstæðum, líklega þarf að draga úr veiðum á þessum þremur Örn Pálsson



uppsjávartegundum sem þessu nemur eða þar til vænlegur markaður til mannelis finnst. Í þeim mikla uppgangi sem nú er í þorski og ýsustofnum veitir ekki af nægu æti þannig að þeir fari ekki að éta undan sér.

Þá eru nýjustu fréttir þess eðlis að ástand síldar- og loðnustofnsins er frekar bágborið.

Landssamband smábátæigenda hefur ekki setið auðum höndum í þessu máli. Hjá stjórnvöldum í Moskvu liggur erindi frá félaginu þar sem óskað er eftir undanþágu frá banninu fyrir færaveiddann makríl af smábátum.

Á makrílvertíðinni 2015 tóku alls 52 bátar þátt í veiðunum af 192 sem fengu úthlutað heimildum. Það er deginum ljósara að breytt veiðikerfi og erfiðleikar í markaðsmálum hafa haft mikil áhrif á þær fjölmörgu útgerðir sem ekki fóru til veiða í ár.

Heildarmakrílafli færabáta nam 3.176 tonn, sem er rúmum fjögurpúsund tonnum minna en í fyrra. Það hefur því slegið í bakseglin í makrílnum veiðin nú aðeins rúm 40% af veiðinni 2014. Þessi reynsla er nú staðreynd og sýnir best að inngrip í veiðistjórnun smábáta var óþörf með öllu.

Horfum nú til makrílvertíðar 2016. Mín skoðun er sú að farsælast sé að gefa útgerðum val um hvort þeir vilji stunda veiðarnar með þeim aflaheimildum sem þær fá úthlutað eða stundi veiðar úr sameiginlegum potti eins og áður var. Inn í þann pott kæmu veiðiheimildir eins og getið er um í bráðabirgðaákvæði laga um stjórn fiskveiða. Hann mundi færast óskertur milli ára og leggjast við jafnmiklar veiðiheimildir sem þar biðu. Alls 4.000 tonn. Auk þess mundi bætast við það sem brann inni sem eru 2.000 tonn og að síðustu úthlutun þeirra sem tækju þennan kost. Ekki er því ólíklegt að potturinn gæti numið um 8.000 tonn. Við þetta væru smábátar í tveimur veiðikerfum, á makríl – sóknarkerfi og kvótakerfi.

Ég bið ykkur kæru aðalfundarfulltrúar að íhuga þennan mótaleik í þeirri stöðu sem upp er komin, sem sannarlega gæti skilað okkur heimildum nálægt 13 þús. tonnum.

Aflahæstur smábáta á makrílnum í ár var Siggí Bessa SF 97, með 175 tonn.

[Umsögn LS um makrílfrumvarpið](#)

## Endurskoðun aflareglu í þorski

Þann 23. júlí ritaði ég grein í Fiskifrétir þar sem ég gagnrýndi þukur sem viðhaft var við ákvörðun um útgáfu aflareglu í þorski. Þeir eru líklega fáir í sjávarútveginum sem hafa hugmynd um að sjávarútvegsráðherra tilkynnti á ríkisstjórnarfundum 9. júní sl. að aflaregla yrði óbreytt.

LS hafði skilað inn umsögn til nefndar sem hafði með málið að gera. Þar kom fram gagnrýni á aflaregluna og bent á hluti sem betur mættu fara. Meðal þeirra voru:

1. Að reynsla og þekking sjómanna verði sett inn í þann þekkingarbrunn sem leitað er í þegar lagt er mat á stærð veiðistofns.
2. Að lagt verði mat á hvernig samsetning stofnsins sé hverju sinni. T.d. að nú ber 8 ára og eldri fiskur uppi stofninn. Rannsóknir hafa sýnt að hrogn úr eldri fiski gefa meiri möguleika á góðri nýliðun en úr þeim sem yngri er.
3. Gríðarlegur vöxtur hrygningarstofnsins á undanförunum árum. Við ákvörðun á heildarafla verði meira tekið tillit til stærðar hrygningarstofns. Bent skal á að nú er 5 ára meðaltal hans 440 þús.
4. Óskað var eftir bakreikningum þekktra stærða til ársins 2014 sambærilegum og byggt var á í skýrsludrögunum til framtíðar. Með því fengist gilt próf á aflaregluna, hver mismunur væri á reiknaðri stærð stofnsins og því sem mælingar hefðu gefið.

Skemmst er frá því að segja að nefndin sá ekki ástæðu til að svara þessum athugasemdum LS, hvað þá að halda fund um málefnið og kynna lokadrög skýrslunnar til ráðherra. Svo mikil leynd virðist hvíla yfir þessu máli að skýrsla nefndarinnar hefur ekki verið gerð opinber, þrátt fyrir að ákvörðun sem tekin er varði líf skjör allrar þjóðarinnar.

## Ákvörðun um heildarafla

Árlega ákveður sjávarútvegsráðherra hver heildarafli eigi að vera í hverri tegund. Áður en hann tekur ákvörðun hefur hann fengið tillögur frá Hafrannsóknastofnun og rætt við hagsmunaaðila. Á hverju ári hefur LS skilað inn ítarlegri umsögn og gert tillögur að heildarafla. Nú síðast hinn 18. júní sl. Þar lagði félagið til að heildarafli í þorski yrði 270 þús. tonn. Tillöguna byggði LS á að á sl. 4 árum hefði aflinn einungis numið 19% af veiðistofni en ekki 20% eins og aflaregla segði til um.

<b>2010</b>	<b>168</b>	<b>843</b>	<b>20%</b>
<b>2011</b>	<b>170</b>	<b>937</b>	<b>19%</b>
<b>2012</b>	<b>194</b>	<b>1.056</b>	<b>19%</b>
<b>2013</b>	<b>222</b>	<b>1.176</b>	<b>19%</b>
<b>2014</b>	<b>222</b>	<b>1.181</b>	<b>19%</b>

Vegna þessa vantaði 62 þús. tonn upp á aflaregluna. LS lagði til að helmingur þess yrði bætt við 239 þús. tonna ráðgjöf Hafró. Þetta var hógvæð krafa og var því búist við að ráðherra hefði á henni skilning. Það munar jú um 31 þús. tonn í þjóðarbúið – varlega áætlað útflutningsverðmæti 18 milljarðar. En því miður, ráðherra fór í einu og öllu eftir ráðgjöfinni.


Ég tel mér skylt að vekja hér athygli á þessu. Það er gríðarleg ábyrgð sem hvílir á ráðherra, hann hefur eins og dæmið sýnir aukningu á aflaverðmæti um 18 milljarða í hendi sér. Ef illa fer er það hann sem ber ábyrgðina en ekki vísindamenn Hafrannsóknastofnunar.

### **Ráðgjöf um heildarafla í ýsu**

Það er skoðun mín að ráðherra eigi að leita til fleiri aðila þegar ákveða á heildarafla hvers fiskveiðiárs. Þar eiga einnig að koma að borðum söluaðilar aflans sem gera ráðherra grein fyrir helstu mörkuðum. Hverjir geti tekið við meira magni og hverjir séu í veikri stöðu. Ákvörðunin þarf að færast á hærra plan, við erum jú að gera þetta nákvæmlega eins í dag og fyrir tveimur áratugum, tími er kominn til endurskoðunar á fleiru en aflareglu.


Dæmi sem ég vil nefna hér er ákvörðun í ýsu. LS hefur gagnrýnt ráðgjöfina harkalega. Einkum var það vegna gríðarlegrar ýsugengdar á sama tíma og Hafrannsóknastofnun lagði til tugaprósenta niðurskurð. LS benti á marktækan mun á niðurstöðum úr haustralli og vorralli og óskaði eftir að útreikningar um heildarafla yrðu gerðir út frá haustrallinu. Svo mikið var svartnættið þrátt fyrir heimsmet í aflabrögðum á hvern bala 2013 og 2014 að stofnunin sá sér ekki annað fært en leggja til 20% niðurskurð, að fara með aflaheimildir niður í 30.400 tonn. Jafnframt að láta þess getið að árgangar 2008 – 2013 stæðu vart undir hærri afla en 23 þús. tonn næstu

árin. „Vegna lélegrar nýliðunar munu stofnstærð og afli minnka enn frekar á komandi árum.“ Þetta var í júní 2014.



Setjum okkur nú í spor erlends stórmarkaðs sem kaupir héðan ýsu. Hvernig bregst hann við þegar hann sér þetta. Jú – minna framboð næstu árin – hærra verð. Ég leita á ný mið.

Júní 2015 – Skýrsla Hafrannsóknastofnunar – „Samkvæmt núverandi stofnmati gefur 40% aflaregla 36.400 tonn á fiskveiðiárinu 2015/2016.“ Þ.e. ýsukvótinn var nú aukinn um 20%. Skyndilega standa seljendur frammi fyrir því að koma þúsundum tonna ýsu á markað sem þeir gátu ekki reiknað með.



### Ýsan hrynur í verði

Hvort það sé aðalskýringin á verðhruni sem varð á ýsu í júlí – ágúst skal ekki fullyrt, en vekur upp vangaveltu um að full ástæða er til að leita á fleiri mið þegar ákvörðun um heildarafla er tekin.

Meðalverð á mörkuðum 1. ágúst – 30. september – verðlækkunin er 21,3%

### 2014


Óslægt	Ýsa	1.426.437	350,96 kr.
--------	-----	-----------	------------

### 2015

Óslægt	Ýsa	1.823.885	276,52 kr.
--------	-----	-----------	------------

**Lög um veiðigjöld** var breytt rétt fyrir þingfrestun í júní sl. Í umsögn LS 7. maí var ítrekuð fyrri afstaða um veiðigjöld að ekki væri sanngjarnt að uppfæra sömu aðferðafræði á alla útgerðarhópa sem nánast eingöngu veiddu bolfisk. Einnig gerði LS alvarlegar athugasemdir við að veiðigjöldum væri ekki skipt upp og lögð á hvern útgerðarhóp fyrir sig m.t.t. afkomu hans.

Í frumvarpinu var gert ráð fyrir skerðingu á föstum afslætti. Hann afnuminn í eitt ár en yrði svo kr. 100 þúsund fyrir aðila sem greiða lægra veiðigjald en 1 milljón. Aðkoma að frumvarpinu var því ekki uppörvandi.



Í VI. kafla [umsagnarinnar](#) „Samþjöppun og fækkun útgerða“ benti LS á að óbreytt hefði frumvarpið í för með sér aukna samþjöppun og fækkun smærri fyrirtækja. Nú þegar hefði átt sér stað 10% fækkun krókaafلامarksbáta með hlutdeild á tímabilinu 2011 – 2014 samtímis og útgerðum með meira en 500 tonna úthlutun hefði fjölgað um helming.

Sýnd var sláandi tafla um hækkingu og er ég ekki frá því að nefndinni hafi orðið hverft við þegar sýnt var að þorskur, ýsa og ufsi ættu að hækka um helming.

Tegund/veiðigjöld	2015/2016	2014/2015	breyting
Þorskur	20,38 kr/kg	13,30 kr/kg	53%
Ýsa	26,90 kr/kg	18,19 kr/kg	48%
Steinbítur	18,07 kr/kg	14,18 kr/kg	27%
Ufsi	13,24 kr/kg	8,65 kr/kg	53%

Auk þessa var í röksemdum LS dregin saman kostnaður við makrílveiðar, yrði 18 króna veiðigjald með álagi að veruleika. Dæmið sýnir 150 tonna afla að verðmæti 10,5 milljónir. Gert var ráð fyrir 70 kr/kg.

**Kostnaður:**

<i>Veiðigjöld</i>	<i>2,70 milljónir</i>
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	<i>4,20 milljónir</i>
<i>Markaðskostnaður</i>	<i>0,50 milljónir</i>
<i>Hafna-, afla- og þjónustugjöld</i>	<i>0,21 milljónir</i>
<i>Olíukostnaður</i>	<i>0,35 milljónir</i>
<i>Afborgun veiðarfæra</i>	<i>1,00 milljón</i>
<i>Tryggingar</i>	<i>0,30 milljónir</i>
<i>Annar kostnaður</i>	<i><u>1,40 milliúnir</u></i>
<i>Samtals:</i>	<i><u>10,66 milljónir</u></i>

Taflan sýndi það svart á hvítu að dæmið var vonlaust.

Niðurstaða Alþingis varð sú að fallist var á sjónarmið LS. Veiðigjöldin voru lækkuð. Árlegur afsláttur hækkaður úr 0 í allt að 1,5 milljón.

Útreikningar sýna að miðað við 71 þús. tonna smábáta leiðir breytingin til lækkunar sem nemur 232 milljónum og er þá ótalinn fastur afsláttur upp á nokkrar milljónir.

Nýjasta útspil LS varðandi veiðigjald er að krefjast afsláttar fyrir útgerðir án vinnslu, sem væri liður í að jafna aðstöðumun við altækar útgerðir.

**Strandveiðigjaldið** – er kostnaður sem LS lætur til sín taka. Guðlaugur Þ. Þórðarson gerði fyrirspurn á Alþingi í vetur um 50 þús. króna bryggjugjald sem innheimt er þegar strandveiðileyfi er veitt. Gjaldið var sett á árið 2010 og hefur íþyngt strandveiðimönnum um 208 milljónir þar með talið árið 2015. Settur verður kraftur í að fá gjaldið afnumið – alla vega að sjá það lækka.

**Vigtun sjávaraflla** er eitt þeirra atriða sem stjórnvöld hafa lengi haft í hyggju að breyta. Drög að frumvarpi hafa verið til umsagnar og er ætlun sjávarútvegsráðherra að leggja það fram á næstu vikum. Helstu breytingar á núverandi fyrirkomulagi eru:

- *Gert ráð fyrir að vigtun á afla dagróðrabáta ljúki á hafnarvog.*
- *Frádrag vegna íss verði 4%.*
- *Leyfi til endurvigtunar verði afnumin – eru nú 107.*
- *Hitastig afla komið í 2,5°C 2 klst. eftir veiðar*

Fram hefur komið að almennt eru smábátæigendur ánægðir með að þessi mál skuli vera tekin upp. Sérfræðingur hefur hins vegar bent á að aldrei – ekki undir neinum kringumstæðum - megi gera breytingar nema það sé tryggt að gæði afla aukist – alla vega rýrni ekki. Ég er honum sammála og mun viðra þessi sjónarmið í sjávarútvegsráðuneytinu.

**Samskipti við stjórnvöld** – eru breytt frá því sem áður var. Innkoma hagsmunasamtaka við ætlaðar breytingar hefur verið takmörkuð. Frumvörp lögð fram og afgreidd til starfsnefnda þingsins. Umsagnar óskað, en frumvarpið síðan afgreitt nánast án þess að hægt sé að ræða það í 2. og 3.



umræðu. Allt byggt á samkomulagi um þinglok eða þingfrestun. Þessi vinnubrögð tel ég hafa gengisfellt málin og orðið þess valdandi að ekki næst víðtæk sátt um breytingar, auk þess sem hættara er við mistökum við lagasetningu.

Það skal þó nefnt hér að sú nýbreytni að setja drög að frumvörpum til umsagnar á heimasíðu viðkomandi ráðuneytis, eins og gert var vigtunarmálefningin, er spor í rétta átt.

Þá er einnig rétt að geta þess hér að samráð í dag telst það að hafa fengið kynningu á málefninginu, en óheimilt með öllu að ræða það innan sinna raða.

**Grásleppan** fór af stað með miklum galsa. Upphaf vertíðar á NA-horninu gaf tóninn. Menn höfðu sjaldan upplifað aðra eins veiði.


Bjartara var yfir markaðsmálum heldur en undanfarin ár. Óseld hrogn voru ekki að þvælast fyrir og þá gaf veiði 2014 ekki tilefni til að ætla að söluerfiðleikar væru í nánd.

Þegar staðan er skoðuð hér um miðjan október lítur allt út fyrir að veiðin hafi orðið umfram eftirspurn, þar sem hrogn bíða enn eftir kaupendum. Menn þruga sig því sæla yfir að veiðidagar voru ekki fleiri en 32. Miðað við veiði annarra þjóða ætti hins vegar að vera rými á markaðnum og því ekki ástæða til örvinglunar vegna þessa. Það hefur hins vegar verið að breytast á síðustu árum að kaupendur hafa verið að taka til í sínu bókhaldi og þar hefur kostnaður vegna birgða ekki verið útundan. Þessi kostnaður hefur í æ ríkara mæli verið að færast yfir á sjómanninn sem hefur valdið slakari afkomu en ella væri.

Á eftir þessum barlómi er ágætt að koma með jákvæðni. Og þó ég sé í grásleppukaflanum er samt af nægu að taka:

- Tekist hefur að ná góðri fótfestu í Kína með grásleppuna sjálfa. Verð til veiðimanna hækkaði úr 65 kr/kg í 80 kr/kg á milli ára eða um 23%.

- Útflutningur grásleppuhrogna hefur aukist um 27% og verð nú um 18% hærra á fyrstu 8 mánuðum ársins en það var á sama tíma í fyrra.
- Útflutningur á grásleppukavíar hefur stóraukist milli ára eða um 57% og það án þess að verð hafi lækkað á okkar langstærsta markaði – Frakklandi. En eins og staðan var í lok ágúst hafði aðeins rúmur fjórðungur verið seldur til annarra landa.



- Samantekt þessara góðu tíðinda sýnir að útflutningsverðmæti grásleppuhrogna og kavíars er komið í 673 milljónir sem er 41% aukning milli ára.
- Alls stunduðu 323 útgerðir grásleppuveiðar 2015, veiðin svaraði til 12.100 tunna af hrognum og veiði á hvern dag sló öll fyrri met 1,2 tonnur á hvern dag.
- Eitt í lokin – íbúar í borginni Niamey eru byrjaðir að gæða sér á grásleppuhrognum.



## Sambjörpun - það sem LS varaði við er komið fram

*„Í sjávarútvegi munum við leggja áherslu á að halda áfram að byggja upp fiskistofna og stuðla að aukinni verðmætasköpun en vinna um leið gegn sambjörpun í greininni og því að viðhalda störfum í byggðarlögum um allt land.“*



Þessi tilvitnun er úr stefnuræða forsætisráðherra Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar þann 8. september sl.

Eitt af fyrstu verkum ríkisstjórnarinnar var að breyta lögum um stjórn fiskveiða. 25. júní 2013 samþykkti Alþingi að hámarksstærð krókaaflamarksbáta yrði færð úr 15 brúttótonnum í 30 brúttótonn. Lengdin breyttist úr því að vera að 12 metrum að hún varð að 15 metrum. Helmingsstækkun, 100% stærri bátar.

Í umsögn LS um frumvarpið 16. júní 2013 sagði þetta:

*LS ítrekar fyrri umsagnir sínar um sama efni og ítrekar þar sérstaklega sjónarmið sitt um að breytingar sem þessar geta leitt til óæskilegrar sambjörpunar í krókaaflamarkskerfinu og þar með einsleitari útgerðarflóru.*

**Fjöldi** báta með hlutdeild krókaafلامarkskerfinu er kominn undir 300. Þeim hefur fækkað um 16% frá því heimilt var að stækka bátana. Á sama tíma voru 50 efstu bátarnir með 78,41% samanlagða hlutdeild í þorskígildum en voru með 73,71% við úthlutun 1. september sl, hefur aukist um 6,4%.



Þá hefur fjöldi báta sem veiða í krókaafلامarkskerfinu fækkað um 35 á síðustu tveimur fiskveiðiárum, úr 638 í 603.

Þróun sem þessi er áhyggjuefni.

Landssamband smábátæigenda er sammála orðum forsætisráðherra og lýsir sig reiðubúið til að vinna með stjórnvöldum að snúa þessari þróun við.


## Afli smábáta dregst saman

Afli smábáta á aflamarki, strandveiðibáta og krókaafلامarksbáta var nokkru minni á síðasta fiskveiðiári.


**80.717 tonn**

Alls voru 1.085 bátar á bakvið þann aflu – 603 í krókaafلامarki, 140 í aflamarki og 342 (630) eingöngu á strandveiðum.


Alls veiddu smábátæigendur rúm 50 þús. tonn af þorski sem jafngildir 23,4% af því sem veitt var í íslenskri lögsögu.



Hlutdeild smábáta í heildarafla ýsu var 31% - 10.340. Þar af voru krókabátar með 30%.



Trillukarlar veiddu 49% af öllum steinbít.



## Aflahæstu bátarnir

Aflahæstur í krókaafلامarkinu var Gísli Súrsson GK 8 frá Grindavík með 1.627 tonn.


Í flokki aflamarksbáta Máni II ÁR 7 frá Eyrarbakka aflahæstur með 385 tonn.

Aflahæstur á strandveiðum varð Hulda SF 197 frá Hornafirði með 40,2 tonn. Hólmar Unnsteinsson er eigandi bátsins og skipstjóri á honum. Að öllum líkindum yngsti aflakóngur sögunnar aðeins 25 ára.


Strandveiðar í ár gengu í meðallagi vel, talsvert um gæftaleysi, sem kom þó sjaldan í veg fyrir að menn næðu skammtinum. Verð var ágætt mest allan tímann eða 287 kr/kg að meðaltali fyrir óslægðan þorsk sem var 1% lægra en 2014. Róa mátti alla dagana 65 á svæði D, 56 á C, 53 á B, en á svæði A voru leyfilegir róðradagar 36, sem er fjölgun um 7 daga frá í fyrra. Þorskur var 89,2% af aflanum, alls 7.643 tonn. Afli að meðaltali í róðri var 575 kg, jókst um 6,1% milli ára.

Alls voru bátarnir 630 sem stunduðu strandveiðar, af þeim voru 288 með afla úr fleiri veiðikerfum og 342 eingöngu með strandveiðiafla.

Aflaverðmæti strandveiðibáta 2015 varð 2,4 milljarðar sem skilar um 3,8 milljónum að meðaltali á hvern bát í brúttóinnkomu. Verðmæti í hverjum róðri var 160 þús. sem er 6,7% aukning frá árinu 2014. Auk þessa varð meðalafli á hvern bát sá mesti frá upphafi strandveiðanna – 13,6 tonn.



Bátum á strandveiðum hefur fækkað á undanförunum þremur árum, eftir metfjölda 2012 759 bátar.





Strandveiðar 2009 - 2015							
Ártal	Bátar	Róðrar	[ Tonn ]			Afli/ bát	Afli/ róður
			Þorskur	Ufsi	Afli alls		
2009	554	7.313	3.396	568	4.028	7,3	551 kg
2010	741	10.579	5.042	1.192	6.363	8,6	601 kg
2011	685	15.484	7.095	1.276	8.544	12,5	552 kg
2012	759	16.141	7.420	1.155	8.749	11,5	542 kg
2013	675	16.928	7.368	1.134	8.679	12,9	513 kg
2014	649	16.060	7.749	783	8.701	13,4	542 kg
2015	630	14.889	7.643	773	8.568	13,6	575 kg

Til að enda þessa talnarunu er rétt að geta þess að heildaraflaverðmæti smábáta fiskveiðiárið 2014/2015 varð 23,1 milljarður. Þá tölu er hægt að tvöfalda þegar litið er til útflutningsverðmæta sem skilar um 46 milljörðum.

Að venju sótti ég ársfund Gildis lífeyrissjóðs fyrir ykkar hönd og sem sjóðsfélagi. Þrátt fyrir töluverða umræðu og að stjórn eigi að gæta hagsmuna sjóðsfélaga leyfir hún sér að fjárfesta í fyrirtækjum þar sem launakjör stjórnenda eru út úr kortinu.

En dropinn holar steininn. Þrátt fyrir að móttökur við málf lutningi mínum á ársfundum sjóðsins afli mér ekki vinsælda og andstæðar fylkingar Samtaka atvinnulífsins og launþega sameinist um að afgreiða tillögurnar á hálfgerðu ipponi, þá sé ég árangur.

Gildi lífeyrissjóður samþykkti nýja hluthafastefnu í byrjun þessa árs. Með henni hyggst sjóðurinn stuðla að auknu gegnsæi og ábyrgð félaga sem hann á verulegan hlut í. Til skamms tíma var stefna sjóðsins að eiga ekki mann í stjórn félaga. Nú hefur sjóðurinn hins vegar skipt um skoðun með því að tilgreina fulltrúa sinn í stjórn félaganna sem hann fjárfestir í, enda sé fjárfestingin a.m.k. 1 milljarður. Þess má geta að heil 7 ár eru liðin frá því ég hóf að gagnrýna sjóðinn fyrir afskiptaleyfi með að eiga ekki sinn fulltrúa í stjórn fyrirtækja sem hann ætti verulegan hlut í.

Ofurlaun forstjóra og stjórnenda fyrirtækja sem Gildi lífeyrissjóðurinn okkar á í hef ég gagnrýnt. Í áðurgreindri hluthafastefnu segir þetta:

*„Við mat á því hverjar séu eðlilegar launagreiðslur fyrir stjórnarsetu í félagi telur Gildi-lífeyrissjóður að rétt sé að líta til umfangs og ábyrgðar starfsins, sem og þess fórnarkostnaðar sem stjórnarmenn þurfa að færa til að geta rækt skyldur sínar við félagið.“*

*„Við ákvörðun launa forstjóra telur Gildi-lífeyrissjóður rétt að líta til innri þátta félags, launadreifingar innan þess og launa sem ætla má að forstjóra bjóðist á þeim markaði sem félagið starfar á.“*

Auk annarra mála sem ég hef gagnrýnt eru:

Hækkun vaxta á sjóðsfélagalánum í desember sl.

Að hinn almenni sjóðsfélagi hafi ekki atkvæðisrétt á ársfundi.

Jöfn skipting fulltrúa atvinnurekenda og launþega í stjórn sjóðsins.

Að þeir einir hafi möguleika á að sitja í stjórn sem tilnefndir eru af SA og samtökum launþega.

Það er miður að ekki hafi gefist tími til að veita lífeyrissjóðsbatterýinu meira aðhald. Það er því hollt og vonast ég til að geta sinnt þessu máli betur á næstunni.

**Kjarasamningar** – Viðræður standa yfir við Sjómannasamband Íslands um endurnýjun kjarasamnings. SSÍ hefur óskað eftir hléi á viðræðunum þar til einhver hreyfing kemst á viðræður þeirra við SFS.

LS gekk frá kjarasamningi um ákvæðisvinnu við línu og net 2. september sl. Samningurinn var samþykktur af félagsmönnum 5. október. Samningurinn hefur í för með sér töluverðar launahækkanir umfram það sem ráð var fyrir

gert en samkomulag SA og launþegahreyfinganna um 300 þús. króna lágmarkslaun 1. maí 2018 gerði stöðuna lítt viðráðanlega.

Staðan hefur verið yfirfarin og mun LS hefja viðræður við stjórnvöld um að gera breytingar á línuívilnun, þannig að hún gildi fyrir alla dagróðrabáta og ívilnunarprósenta verði hækkuð.

## Öryggismál

Enn hefur ekki verið brugðist við ábendingum LS um að bæta fjarskipti. Þeim þætti hrakar ár frá ári. GSM kerfið hefur á engan hátt leyst NMT kerfið af hólmi. Einna verst er ástandið hér rétt við bæjardyrnar í Faxaflóa. LS hefur vakið athygli Samgöngustofu á málefnum og bindur vonir við að úr verði bætt.

## Á aðalfundarárinu hélt stjórn LS 4 fundi.

Framkvæmdaráð var lagt af en í stað þess var reynt að efla tölvupóstsamskipti.

Ég vil hér nota þetta tækifæri til að þakka stjórnarmönnum afar gott samstarf og samvinnu, jafnframt sem ég þakka þeim 2 stjórnarmönnum sem nú hverfa úr stjórn fyrir þeirra þátt í að efla smábátaútgerðina.

## Félagsstarfsemi

Öll svæðisfélögin 15 héldu aðalfundi í september og október. Við Halldór lögðumst í viking og mættum á alla fundina. Ágæt mæting var víðast hvar og sendu flest félögin frá sér ályktanir. Talsverðar breytingar urðu í stjórnnum félaganna. Á fundunum ríkti mikil eindrægni og eru menn staðráðnir í að fylkja sér um LS hér eftir sem endranær.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka fyrir fundina og góðar ábendingar sem þar komu fram.

Áfram verður haldið á þeirri braut að nýta samtakamátt okkar til afsláttar á innkaupum og lækkun kostnaðar hjá ykkur.

Launareiknirinn hefur slegið í gegn og er nú kominn í notkun hjá 46 útgerðum.

Stærsta málið tengist þó daglegri notkun – það er olíunni. Olíufélögin eru farin að hafa þann háttinn á að kunngera ekki lítraverð á dælu þegar dælt er, heldur að það sé tilgreint á yfirliti. Þetta leiðir til þess að menn verða lítt næmir fyrir olíuverðinu, en um leið halda að þeir séu með hæsta afsláttinn. Viðbrögð félagsins voru að tilkynna mánaðarlega lægsta verð olíufélaganna þriggja. Þetta hefur mælst vel fyrir hjá félagsmönnum.

Nú stendur yfir skráning félagsmanna sem vilja vera með í útboði til magnviðskipta á olíu. Markmiðið er að safna 500 smábátaeigendum þar sem ætla má að notkunin nemi yfir 5 milljónum lítra á ári. Hér með hvet ég alla smábátaeigendur að vera með þar sem reynslan af þessu gæti verið vegvísir til frekari magnútboða.

## **Snæfell fjölmennasta svæðisfélagið**

Snæfell er stærsta svæðisfélagið innan LS með 151 bát, Klettur með 106 og Félag smábátaeigenda á Austurlandi þriðja stærsta félagið með 95 báta á bakvið sig. Frekari upplýsingar um stærð félaganna er í aðalfundarmöppunni á heimasíðunni.

## Miðlun upplýsinga til félagsmanna og kynning á starfsemi LS

[www.smabatar.is](http://www.smabatar.is) er mikið notað af félagsmönnum. Á tímabilinu milli aðalfunda hafa heimsóknir verið 220.546, það er 604 að meðaltali hvern dag ársins, sem er fjölgun um 9 að meðaltali á dag.

Á tímabilinu hafa verið birtar 255 fréttir á heimasíðunni sem er 34 fleiri en á síðasta 12 mánaða tímabili. Markmiðið að hafa eina frétt á hverjum virkum degi náðist og vel það.

**Brimfaxi** félagsblaðið okkar hefur að venju komið út tvisvar á tímabilinu, um áramót og við sjómannadag. Blaðið hefur vaxið og dafnað og efnistöð hafa fallið í góðan jarðveg. Kann ég ritstjóranum Arthuri Bogasyni fv. formanni LS bestu þakkir fyrir.

Grásleppunefnd þakka ég fyrir góðan fund í byrjun febrúar.

## Starfsfólk

Samstarfsfólki mínu á skrifstofu LS, Oddbjörgu og Halldóri formanni, þakka ég fyrir vel unnin störf og gott samstarf á árinu. Halldór hefur verið í fullu starfi á skrifstofunni og rækt sitt starf af stakri þryði og fórnfýsi. Það verður söknuður af brotthvarfi hans.

Ég hef látið það koma fram við stjórn LS að full ástæða sé að huga að ráðningu þriðja starfsmannsins á skrifstofu LS. Í ljósi reynslunnar gæti það reynst farsælla til framtíðar, þannig að formaður geti áfram einbeitt sér að útgerðinni, en sé reiðubúinn að koma inn á skrifstofuna þegar á þarf að halda.

## Ágætu aðalfundarfulltrúar og gestir

Aðalfundur fær nú það vandasama hlutverk að marka braut næsta árs þar sem ég veit að vandað verður til allra verka. Mikið starf bíður fulltrúanna þar sem ályktanir eru alls 121, en voru 133 í fyrra. Meðtalin er tillaga stjórnar LS til breytinga á samþykktum félagsins.

Aðalfundurinn verður nú pappírslaus í fjórða skiptið og allar tillögur afgreiddar á tjaldinu.

Ég mun eftir fremsta megni ganga á milli nefndanna og fylgjast með störfum hér á fundinum og svara fyrirspurnum og verða mönnum innan handar.

Aðalfundarfulltrúar verið velkomnir til 31. aðalfundar Landssambands smábátæigenda. Megum við eiga kröftugan og góðan fund.

**Takk fyrir.**